

Langanesbyggð
Langanesvegur 2
680 Þórshöfn

Selfoss, 26.11.2024
UST202401-421/H.M.V.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 20. september 2024 - Langanesbyggð, urðunarstaður við Bakkafjörð, ID nr. 37

Þann 20. september sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Langanesbyggðar í Bakkafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staða eldri frávika:

Við eftirlit ársins 2023 komu fram tvö frávik er vörðuðu ófullnægjandi skil ársyfirlits og sein skil á upplýsingum. Engin úrbótaáætlun barst frá rekstraraðila en kom fram hjá rekstraraðila að yrðu gerðar úrbætur á frávikum með því að ráða í nýtt stöðugildi umhverfisfulltrúa sem tæki að sér verkefni sem snúa að urðunarstaðnum með það markmið að koma skilum í betra horf og að næsta ársyfirliti yrði skilað innan tilskilins tíma (vísað í tölvupóst frá rekstraraðila, dagsettu 10.01.2024). Ráðningu í stöðugildið lauk í mars sl..

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

Þrjú frávik komu fram er varða:

- 1.** Gr. 1.1 í starfsleyfi. Starfsleyfi rekstraraðila gildir fyrir móttöku til urðunar úrgangs. Önnur móttakaá úrgangi er óheimil og ber að fara inn á viðeigandi móttökustöð. Inn á urðunarstað eru gámar með brotajárni og raftækjum, kör með óvirkum og blönduðum úrgangi ásamt úr sér gegnum ökutækjum, vinnuvélum og vagnar sem tilheyra annarri starfsemi.
- 2.** Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að gera grein fyrir skráningum á innra eftirliti og vöktun vegna starfsemi sinnar sbr. 4.1 í starfsleyfi og ber að skila þeim í árlegri skýrslugjöf sbr. gr. 4.4 í starfsleyfi. Ekki hafa komið fram upplýsingar um niðurstöður vegna töluliða 3.- 4., 6. í heild sinni, ásamt töluliðum 7.-11 vegna ársins 2023.
- 3.** Gr. 4.4 í starfsleyfi. Samantekt á niðurstöðum skráninga (öll atriði er koma fram í gr. 4.1 í starfsleyfi) var ekki skilað inn til Umhverfisstofnunar vegna

ársins 2023. Skráningum úrgangs í gagnagátt hefur verið skilað, ásamt hluta af skráningumúr innra eftirliti (sjá nánar í umfjöllun í skýrslu).

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 17. desember 2024 ár.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur